

**Fréttatilkynning:****Hagar hf. árshlutauppgjör Q2 // mars 2016 – ágúst 2016**

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir annan ársfjórðung 2016/17 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 27. október 2016. Reikningurinn er fyrir tímabilið 1. mars 2016 til 31. ágúst 2016. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS). Reikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins, KPMG ehf.

**Helstu upplýsingar**

- Hagnaður tímabilsins nam 2.161 millj. kr. eða 5,3% af veltu.
- Vörusala tímabilsins nam 40.712 millj. kr.
- Framlegð tímabilsins var 24,6%.
- Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 3.180 millj. kr.
- Heildareignir samstæðunnar námu 30.220 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Handbært fé félagsins nam 3.316 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eigið fé félagsins nam 16.537 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eiginfjárhlutfall var 54,7% í lok tímabilsins.

**Söluvöxtur félagsins var 6,0% á tímabilinu**

Vörusala tímabilsins nam 40.712 milljónum króna, samanborið við 38.390 milljónir króna árið áður. Söluvöxtur félagsins er því 6,0% á tímabilinu. Hækkun 6 mánaða meðaltals vísitölu neysliverðs milli rekstrarára var 1,41% en vísitalan án húsnæðis lækkaði um 0,15%. Framlegð félagsins var 10.035 milljónir króna, samanborið við 9.332 milljónir króna árið áður eða 24,6% framlegð samanborið við 24,3% á fyrra ári. Rekstrarkostnaður í heild hækkar um 413 milljónir króna eða 6,3% milli ára en kostnaðarhlutfallið stendur í stað í 17,1%.

Afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) nam 3.180 milljónum króna, samanborið við 2.868 milljónir króna árið áður. EBITDA framlegð var 7,8%, samanborið við 7,5% árið áður.

Hagnaður tímabilsins fyrir skatta nam 2.701 milljónum króna, samanborið við 2.482 milljónir króna árið áður. Hagnaður eftir skatta nam 2.161 milljónum króna á tímabilinu, sem jafngildir 5,3% af veltu en hagnaður eftir skatta á fyrra ári var 1.986 milljónir.

Heildareignir samstæðunnar í lok tímabilsins námu 30.220 milljónum króna. Fastafjármunir voru 16.745 milljónir króna og veltufjármunir 13.475 milljónir króna. Þar af eru birgðir 4.885 milljónir króna en birgðir voru 4.924 milljónir króna ári áður.

Eigið fé félagsins var 16.537 milljónir króna í lok tímabilsins og eiginfjárhlutfall 54,7%. Heildarskuldir samstæðunnar voru 13.683 milljónir króna, þar af voru langtímaskuldir 3.843 milljón króna.

Handbært fé frá rekstri á tímabilinu nam 2.398 milljónum króna, samanborið við 2.815 milljónir króna á fyrra ári. Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins voru 521 milljónir króna. Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins voru 2.371 milljónir króna og þar af voru 1.992 milljónir króna vegna arðgreiðslu í júní sl. Handbært fé í lok tímabilsins var 3.316 milljónir króna, samanborið við 2.478 milljónir króna árið áður.

### **Staðan og framtíðarhorfur**

Fyrstu 6 mánuðir rekstrarársins hafa farið vel af stað og hefur hagnaður aukist milli ára en áætlanir gerðu ráð fyrir svipuðum hagnaði. Horfur næstu mánaða eru í takti við áætlanir, sem gera ráð fyrir sambærilegri niðurstöðu og á fyrra ári.

Í september sl. var tilkynnt að samningar hefðu náðst við kleinuhringjaframleiðandann Krispy Kreme en kaffihús verður opnað í Hagkaup í Smáralind þann 5. nóvember nk. Þann dag mun einnig ný og endurbætt verslun fyrirtækisins opna. Verslun Hagkaups í Smáralind hefur verið lokað frá lok ágúst mánaðar. Auk þess hefur matvöruhluta Hagkaups verið lokað í Holtagörðum, en þar er nú starfræktur Outletmarkaður.

Þann 5. nóvember mun Útilíf opna nýja og glæsilega verslun í austurenda Smáralindar. Nýja verslunin verður tæplega 1.200 fm. að stærð en með versluninni sameinast starfsemi tveggja verslana Útilífs, þ.e. þeirrar verslunar sem starfrækt hefur verið í Smáralind og verslunarinnar í Glæsibæ sem lokar í byrjun nóvember.

Í september sl. var tilkynnt um framkvæmd endurkaupaáætlunar félagsins en framkvæmdin er í höndum Arctica Finance hf. Endurkaupin munu í heild sinni að hámarki nema 20.000.000 hlutum, þó þannig að fjárhæðin verði aldrei hærri en 1.000 milljónir króna. Að lokinni viku 42 hefur félagið keypt samtals 12.212.104 hluti og er kaupverðið samtals 634 millj. kr.

Verslanir Bónus og Hagkaups hafa á árinu skilað tæplega 100 milljónum króna til viðskiptavina sinna í formi lægra vöruverðs í kjölfar dóms Hæstaréttar um ólögsmæta gjaldtöku ríkissjóðs á innfluttum landbúnaðarvörum. Viðskiptavinir félagsins munu áfram njóta lægra verðs á vörum sem dómurinn nær til, þar til allri upphæðinni hefur verið skilað í formi lægra vöruverðs.

### **Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa**

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn á skrifstofu Haga, 3. hæð í Smáralind í Kópavogi, föstudaginn 28. október kl. 8:30 en þar mun Finnur Árnason forstjóri Haga kynna afkomu félagsins og svara spurningum ásamt stjórnendum félagsins.

Kynningarefni, ásamt upptöku af fundinum, verður aðgengilegt að honum loknum á heimasíðu Haga, [www.hagar.is](http://www.hagar.is).

### **Fjárhagsdagatal 2016/17**

3. ársfjórðungur (1. mars – 30. nóvember): 12. janúar 2017

4. ársfjórðungur (1. mars – 28. feb): 15. maí 2017

Nánari upplýsingar veitir Finnur Árnason, forstjóri félagsins, í síma 530-5500.

Árshlutareikningur Haga hf. Q2 // mars 2016 – ágúst 2016  
Lykiltölur í millj. kr. – samstæða

**Rekstrarreikningur**

	Q2 2016/17	Q2 2015/16	2016/17	2015/16
	01.06-31.08	01.06-31.08	01.03-31.08	01.03-31.08
Vörusala	20.731	19.722	40.712	38.390
KSV	(15.608)	(14.875)	(30.677)	(29.058)
<b>Heildarframlegð</b>	<b>5.123</b>	<b>4.847</b>	<b>10.035</b>	<b>9.332</b>
Aðrar tekjur	55	42	109	87
Laun og launatengd gjöld	(1.814)	(1.667)	(3.754)	(3.364)
Annar rekstrarkostnaður	(1.557)	(1.566)	(3.210)	(3.187)
<b>EBITDA</b>	<b>1.807</b>	<b>1.656</b>	<b>3.180</b>	<b>2.868</b>
Afskriftir	(271)	(162)	(462)	(333)
<b>EBIT</b>	<b>1.536</b>	<b>1.494</b>	<b>2.718</b>	<b>2.535</b>
Hrein fjármagnsgjöld	(20)	(26)	(17)	(53)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>1.516</b>	<b>1.468</b>	<b>2.701</b>	<b>2.482</b>
Tekjuskattur	(303)	(293)	(540)	(496)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>1.213</b>	<b>1.175</b>	<b>2.161</b>	<b>1.986</b>

**Efnahagsreikningur**

	31.08.2016	29.02.2016
<b>Eignir</b>		
Fastafjármunir	16.745	16.684
Veltufjármunir	13.475	13.021
<b>Eignir samtals</b>	<b>30.220</b>	<b>29.705</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
Hlutfé	1.172	1.172
Annað eigið fé	15.365	15.196
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>16.537</b>	<b>16.368</b>
Langtímaskuldir	3.843	4.257
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	779	763
Aðrar skammtímaskuldir	9.061	8.317
<b>Skuldir samtals</b>	<b>13.683</b>	<b>13.337</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>30.220</b>	<b>29.705</b>

**Sjóðstreymi**

	Q2 2016/17	Q2 2015/16	2016/17	2015/16
	01.06-31.08	01.06-31.08	01.03-31.08	01.03-31.08
Handbært fé frá rekstri	1.048	612	2.398	2.815
Fjárfestingarhreyfingar	(282)	(769)	(521)	(1.319)
Fjármögnunarhreyfingar	(2.183)	(2.179)	(2.371)	(2.366)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>(1.417)</b>	<b>(2.336)</b>	<b>(494)</b>	<b>(870)</b>
Handbært fé í byrjun tímabils	4.733	4.814	3.810	3.348
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>3.316</b>	<b>2.478</b>	<b>3.316</b>	<b>2.478</b>

**Breytingar á eigin fé**

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>Eigið fé 1. mars 2016</b>	1.172	1.272	--	13.924	16.368
Greiddur arður				(1.992)	(1.992)
Hagnaður tímabilsins				2.161	2.161
Fært á bundið eigið fé			2.166	(2.166)	--
<b>Eigið fé 31. ágúst 2016</b>	1.172	1.272	2.166	11.927	16.537